



Til þess er málið varðar

Reykjavík, 26. október 2020

Efni: Opnun tilboða með rafrænum aðferðum

Verkkaupar hafa undanfarið í auknum mæli opnað tilboð með rafrænum aðferðum. Borið hefur á því að framkvæmdin, í tengslum við slíkar opnanir, hafi verið annmörkum háð. Hafa félagsmenn Samtaka iðnaðarins („samtökin“) leitað til samtakanna vegna þessa.

Þegar tilboð eru lögð fram með rafrænum aðferðum skal tilkynna bjóðendum eftir lok tilboðsfrests um a) nafn bjóðanda, b) heildartilboðsupphæð og c) hvort tilboð sé sett fram sem frávíkstilboð sbr. 1. mgr. 65. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Þegar ekki er um rafrænar aðferðir að ræða skal bjóðendum vera heimilt að vera við opnun tilboða þar sem ofangreind atriði eru lesin upp, sbr. 2. mgr. 65. gr. laganna.

Mikilvægi ofangreindra lagaákvæða kemur glögggt fram í athugasemdum við 6. gr. laga um framkvæmd útboða nr. 65/1993 sem er efnislega sambærilegt lagaákvæði. Um ákvæðið segir:

Til þess að tryggja jafnræði aðila og það að allar reglur séu í heiðri hafðar er hér lögfest sú meginregla að tilboð skuli öll opna samtímis á fyrir fram auglýstum tíma. Regla þessi er nauðsynleg forsenda þess að tryggja megi að eðlilegar leikreglur séu í heiðri hafðar. Til að tryggja megi enn frekar að allar reglur séu haldnar er sett sú regla í greininni að bjóðendum eða fulltrúum þeirra sé heimilt að vera viðstaddir opnun tilboða.

Ofangreind sjónarmið eiga jafnt við í opinberum útboðum sem öðrum. Gefa þarf tilboðsgjöfum færi á að hafa hönd í bagga með að samkeppnisreglur séu virtar. Er þetta sérlega mikilvæg regla í svokölluðum tveggja umslaga útboðum. Áður en ferlið var gert rafrænt skiluðu bjóðendur tilboðum sínum í tveimur lokuðum umslögum. Annað þeirra hafði að geyma lýsingu á fyrirhugaðri lausn á verkefninu ásamt tilheyrandi upplýsingum og greinargerðum þar að lútandi. Hið seinna innihélt verðtilboð viðkomandi bjóðanda, þ.e. útfyllt tilboðsblað. Umslag 1 var opnað fyrst, lausn bjóðanda metin og henni gefin einkunn skv. valforsendum. Þegar öll tilboð höfðu verið metin á þennan hátt og niðurstaðan gerð opinber fór fram formleg opnun á seinna umslaginu, þ.e. verðtilboðinu. Voru þá verðtilboð hvers bjóðanda lesin upp ásamt kostnaðaráætlun kaupanda. Einkunn fyrir verðtilboð samkvæmt reiknireglu, sem birt var í útboðsgögnum, var síðan bætt við þá einkunn sem fyrir lá á lausn bjóðanda.



Félagsmenn samtakanna telja að ekki sé hafið yfir vafa, þegar opnun tilboða fer fram með rafrænum hætti, án þess að bjóðendur séu viðstaddir, að verðtilboð séu ekki opnuð áður en lausn á verkefni er metin út frá valforsendum og henni gefin einkunn.

Samtökin vilja með erindi þessu lýsa yfir áhyggjum sínum vegna ofangreinds og benda á mikilvægi þess að enginn vafi leiki á því að verðtilboð séu ekki opnuð áður en lausn verkefnis hefur verið metin til stiga. **Telji verkkaupar að framangreint sé tryggt, óska samtökin eftir skýringum á því hvernig svo sé.** Ella beina samtökin því til verkkaupa að grípa til aðgerða til að tryggja að þessar reglur séu virtar þrátt fyrir að opnun tilboða fari fram með rafrænum hætti. Að síðustu taka samtökin fram að það er óviðunandi að upp komi tæknilegir örðugleikar eða annað sem valdi því að tilboðsgjafar fái ekki upplýsingar um innihald tilboða við opnun. Komi slíkt upp þá er brýnt að til séu verkferlar, sem bjóðendur er upplýstir um, til að bregðast við þeirri stöðu og þess ávallt gætt að meginreglum útbóðsréttar um jafnræði bjóðenda og gagnsæi sé fylgt.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in blue ink that reads 'Björg Á. Þórðardóttir'.

Björg Ásta Þórðardóttir,
yfirlögfræðingur SI